

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. nóvember 2011
2011100012/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar, siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, 13. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, 13. mál. Í tillögunni er lagt til að fela innanríkisráðherra að semja reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, m.a. í tengslum við Norður-Íshafssiglingar, til að treysta öryggi siglinga, auka öryggi sjófarenda og draga úr líkum á óhöppum og alvarlegum afleiðingum slysa fyrir hið viðkvæma umhverfi og lífríki, enn fremur að stýra og/eða koma í veg fyrir siglingar um sérlega viðkvæm hafsvæði og tryggja viðbúnað vegna mengunarslysa.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir markmið tillögunnar. Stofnunin vill benda á að á vegum heimskautaráðsins, Arctic Council, er verið að vinna að ýmsum verkefnum á vegum vinnuhópa ráðsins, s.s. PAME, AMAP og CAFF, með þátttöku Íslendinga. Mörg þessara verkefna tengjast beint siglingum, áhrifum þeirra og fyrirsjáanlegum breytingum þar á og geta þau nýst við að ná framangreindum markmiðum þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

